

- Jólasaga 2021 -



Hver er jólasveinininn?

Jólin nálgast og Ragnar hlakkar mikið til þeirra eins og alltaf. Nú er hann orðinn 11 ára gamall og eiga þessi jól eftir að vera þínulítið öðruvísi þar sem Ragnar trúir líklega ekki lengur á jólasveinininn eins og hann hefur alltaf gert. Símon vinur hans hafði nefnilega sagt honum að foreldrar gæfu börnunum í skóinn. Ragnar vildi ekki að trúa vini sínum því hann hafði svo gaman af því að setja skólinn út í glugga og fá góðgæti frá jólasveininum.

Þessi jól ætlaði Ragnar því að komast að sannleikanum um hver gæfi honum í skóinn. Til þess að fá sjá hvort það væru mamma og pabbi eða jólasveinninn sem gæfu honum í skóinn var hann búinn að skipuleggja ýmislegt sniðugt í desember.

Fyrsta sem hann hafði ætlað að gera var að skoða hvort sporin í snjónum fyrir utan gluggann hans kæmu frá foreldrum hans eða jólasveininum. En það hafði bara ekkert snjóað þessi jól svo það gekk því miður ekki upp.

Hann ákvað því að nota símann sinn til að taka upp hver gæfi honum í skóinn. Þegar hann vaknaði var síminn batteríslaus og hafði ekki náð myndbandi af því hver setti mandarínuna í skóinn þá nóttina.

Ragnar ætlaði ekki að gefast upp svo hann ákvað að hann skyldi vaka alla nóttina þangað til einhver kæmi og gæfi honum í skóinn. Það gekk heldur ekki upp því hann sofnaði og náði ekki að sjá hver setti prumpuslímið í skóinn þá nótt.

Sem betur fer var Ragnar hugmyndaríkur og ætlaði að prófa nokkur trix í viðbót. Mamma hans var mjög hrædd við kóngulær og ákvað hann því að setja nokkrar kóngulær í krukku ofan í skóinn sinn. Ef mamma kæmi mundi hún pottþétt öskra það hátt að hann myndi vakna. Ragnar svaf alla nóttina og vaknaði næsta morgun þar sem var búíð að taka krukkuna með kóngulónum og setja kartöflu í skóinn. Þá hugsaði hann: Hver er það sem setur kartöflu í skóinn minn?

Svona liðu þessir þrettán dagar til jóla, Ragnar reyndi að nappa jólasveininn hvort sem það var mamma, pabbi eða jóli sjálfur. Honum tókst því miður ekki að komast að því þessi jól hver gæfi honum í skóinn þrátt fyrir þrettán góðar tilraunir.

Nú þarf Ragnar bara að ákveða hvort hann vilji trúna eða ekki trúna á jólasveininn þessi jól. Hann veit að það skiptir ekki máli hvort jólasveinninn er alvöru eða ekki. Svo hann ákveður því að hann ætli að halda áfram að trúna á jólasveininn, allavega þessi jól. Hver veit nema hann fari að skipuleggja þrettán nýjar sniðugar leiðir til að komast að því hver gefur honum í skóinn fyrir næstu jól.

Höfundur: Jón Kristján Þorgilsson 6. SM